

EFTIRLITSSKÝRSLA

Nesbúegg ehf. Vatnsleysuströnd, 190 Vogar



Dags eftirlits	22.8.2018	Ábyrgðarmaður eftirlits	Einar Halldórsson
Fyrirtæki	Nesbúegg ehf.	Eftirlitsmaður	Hulda Soffía Jónasdóttir
Heimili	Vatnsleysuströnd	Tegund eftirlits	Reglubundið fyrra eftirlit
Kennitala	7112032140	Flokkur	Pauleldi
Fulltrúi fyrirtækis	Stefán Már Símonarson	ÍSAT nr.	01.47.2
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Farið var í fyrsta eftirlit Umhverfisstofnunar með rekstri Nesbúeggja ehf. en stofnunin tekur við eftirliti starfsleyfis frá Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja. Fram komu tvö frávík frá starfsleyfi og gerðar eru tvær ábendingar.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var byrjað á fundi þar sem farið var yfir rekstur Nesbúeggja og starfsleyfisskilyrði. Umbreytingarferli er nú í gangi en verið er að breyta búunum í lausagönguhús. Að jafnaði verða þá um 60-62 þúsund fuglar til staðar í einu. Hver fugl hefur líftíma upp í 80 vikur og af þeim er verpt eggjum í um 60 vikur.

Farið var yfir spilliefnanotkun á svæðinu en það tengist aðallega hreinsun í þökkun og er notast við viðurkennt þvottaefni skv. rekstraraðila. Við búið er hauggeymsla þar sem fuglaskítur er geymdur yfir veturinn í þar til gerðum „slurry bag“ sem hefur reynt vel skv. rekstraraðila ásamt Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja. Skítum er svo dreift á sumrin en leyfilegur tími til að dreifa er frá 1. mars til 1. nóvember ár hvert. Senda skal áburðaráætlun á eftirlitsaðila fyrir 1. mars ár hvert en þetta ár barst áætlunin eftir þann tíma.

Dýrahæ eru geymd í lokuðum gámi og eru svo sent til viðurkennds móttökuaðila. Við fóðurtanka sem eru alls sjö talsins voru áður pokasíur en verið er að skipta þeim öllum út fyrir rykskiljur og er ráðgert að það verði búið fyrir lok árs.

Að lokum var farið í skoðunarferð um svæðið. Farið var umhverfis eggjabúið með rekstraraðila og fóru svo eftirlitsmenn stofnunarinnar við vestari og eystri hænsnabú.

Frávík frá

grein 5.3 í starfsleyfisskilyrðum

Lýsing á frávíki

Senda skal áburðaráætlun fyrir 1. mars ár hvert. Heilbrigðiseftirliti Suðurnesja barst áætlunin eftir þann tíma. Frávíkinu telst lokið.

reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olímengun frá starfsemi í landi

Öruggar mengunar-, árekturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur neyslugeyma.

ATHUGASEMDIR

Umhverfisstofnun óskar eftir teikningu á staðsetningu rotþróa á svæðinu.

1 Frávík: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávík.

Reykjavík, 26.09.2018


Einar Halldórsson